

Guðný Guðbjörnsdóttir  
Birtist í *Morgunblaðinu*, 23/5 1990

### Sérstaða Kvinnalistsans Hugsjónir, vinnubrögð og málefni

Yfirburðastaða Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík hefur kallað fram það sjónarmið að kosningabaráttan sé varla til neins. Hin framboðin séu lítt trúverðug sem valkostur. Þá er því haldið fram að konur muni komast að í borgarstjórn án þess að Kvinnalistinn komi þar til. Hvaða rök mæla þá með því að kjósa Kvinnalistan nú? Hver er sérstaða hans?

#### Hvað ræður pólitískri stefnumörkun?

Þessu hefur stundum verið svarað á þann veg að það sé einkum þrennt: **Hugsjónir, áhugi og þekking.** Þar sem konur og karlar hafa mismunandi reynslu og þekkingu, þó ekki sé dæmt út frá öðru en kynskiptum vinnumarkaði, heimilistörfum og náms- og starfsvali, er augljóst að kynferði skiptir máli varðandi tvo síðarnefndu þættina. En hvað með hugsjónirnar, hvernig skilja þær konur að ?

#### Kvenfrelshugsjónin

Fyrir tilkomu Kvinnalistsans eða kvennaframboðanna 1982 snérist öll stjórn málaumræðan hér um tvo póla *hægri og vinstri*. Erfiðlega hefur reynst að flokka Kvinnalistan, eða *þriðju víddina* í íslenskum stjórn málum á þessa línu því konur koma úr öllum stéttum.

Á hægri pólnum er Sjálfstæðisflokkurinn sem styðst við hugsjónir kapitalismans og frjálshyggjunnar: Frelsi og sjálfstæði einstaklinganna. Opinber umsvif og höft eiga að vera í lágmarki. En eiga hugsjónirnar frelsi og sjálfstæði einnig við konur ? Nei, atvinnulífið og einkalífið eru tveir aðskildir heimar. Konur geta jú valið að vera barnlausar og þá getur frelsið átt við þær. En ef fólk eignast börn verður það sjálft að taka ábyrgð á þeim. Reynt er beita þekkingu til að rökstyðja að opinberar dagvistarstofnanir séu óæskilegar fyrir börn (sem er hrein firra ef faglega er að málum staðið) þó að hin raunverulega ástæða tengist hugsjónum: Þær eru félagsleg þjónusta sem ekki á að eyða skattpeningum í. Í reynd hefur hvergi tekist að samræma frjálshyggjuna sem hugmyndakerfi og réttláta tekjuskiptingu meðal þegnanna. Þar líða konur mest allra. Samkvæmt samnorrænni skýrslu hafa konur á Íslandi einungis 50% af tekjum karla, á meðan hlutfallið er 60-70 % á hinum Norðurlöndunum. (*Kvinnor och man i Norden*, NORD, 1988: 58, bls.135).

Á vinstri vængnum, væng félagshyggjunnar, eru hugsjónirnar einnig fagrar: Frelsi, jafnrétti og bræðralag. Hvort sem litið er til lýðræðisríkja eða alræðisríkja hefur hinsvegar gengið erfiðlega að

útfæra félagshyggjuna þannig að þessar hugsjónir nái til kvenna bæði í orði og á borði.

Kvennalistakonur geta vafalaust tekið undir það sjónarmið að sjálfstæði, frelsi, jafnrétti og bræðralag séu allt göfugar hugsjónir. Svo framarlega sem þær eru hugsaðar fyrir alla, bæði konur og karla. Kvenfrelsinhugsjón Kvennalistans miðar annars vegar að kvenfrelsi og bættum hag kvenna og hinsvegar að því að gera reynslu og menningu kvenna virtari, sýnilegri og áhrifameiri í þjóðfélaginu. Við viljum sameina kvenréttindi, kvenfrelsi og hið kvenlega (The feminist and the feminine), sem því miður eru séð sem andstæður.

Ágreiningur Kvennalistans við báðar ofanefndar meginstefnur varðandi stöðu fjölskyldunnar snertir fyrst og fremst stöðu konunnar. Allir vilja börnunum það besta, um það er ekki hugsjónaágreiningur. Hvaða leiðir eru valdar til að börnin hafi það gott eru misdýrar og misgóðar og einungis sumar þeirra taka bæði mið af jafnréttissjónarmiðum kynjanna og velferð barnanna.

Konur búa yfir sameiginlegri reynslu og þekkingu, sem er mjúkt og manneskjulegt afl sem hefur vantað í ofanefndar stefnur og í stjórn málin yfirleitt. Ef hugsjónirnar stangast á við það afl þá verða pólitískar áherslur aðrar. Það er því ekki nóg að koma einhverjum konum að í borgarstjórn til að vinna að bættri stöðu kvenna og barna í þjóðfélaginu. Konur geta orðið málsvarar afturhaldsaflanna því hugsjónir flokkanna skipta sköpum um stefnumörkun og forgangsröðun aðgerða.

### Lýðræðisleg vinnubrögð og sniðin fyrir konur

Kvennalistinn er stjórn málafl þar sem lýðræði og valddreifing situr í fyrirrúmi. Við viljum samfélag þar sem reynsla og menning kvenna er metin til jafns við reynslu og menningu karla. Til að það geti gerst er þörf á kvennapólitísku afli, sem hagar vinnubrögðum sínum í samræmi við það sem konum hentar.

Kvennalistinn býður auðvitað fram á eigin forsendum en ekki annarra. Eitt meginmarkmið hans er að styrkja sem flestar konur og því teljum við mikilvægt að konur sjái og finni að virkni í stjórn málafl er á færi margra kvenna. Því gildir sú meginregla að kjörnir fulltrúar sitja ekki lengur en 8 ár samfellt, sem um leið kemur í veg fyrir að þeir sitji of lengi á valdastólum.

Kvennalistanum berast stöðug boð frá hinum fjölbreyttustu kvennasamtökum utan úr heimi um að kynna starfsemi sína. Þessar ferðir hafa sannfært okkur um mikilvægi alþjóðlegs systralags til skilnings á eðli kvennakúgunar. Í þessum kynningarferðum okkar, sem skipta tugum, eru það ekki síst vinnubrögðin sem vekja athygli. Enginn formaður, ekkert píramítakerfi heldur virk grasrót þar sem allar eru jafnar. Ábyrgðin dreyfist á margar svo að engin þarf að skuldbinda sig umfram getu. Innan hreyfingarinnar eru

málin rökrædd þar til samhljóða ákvörðun næst. Innri rödd hverrar konu verður að heyrast. Fulltrúar Kvinnalistsans taka málefnalega afstöðu til allra mála og sýna pólitískum andstæðingum sínum virðingu og kurteisi. Þær forðast persónulegt skítkast og það form viðræðna sem kallað er hanaat og gengur út á það að fá fram "sigurvegara í orustu" oft með vafasömum vopnum, fremur en að fá staðreyndir fram í dagsljósið. Þetta teljum við að stuðli að gagnkvæmri virðingu annarra stjórnámamanna og fjölmiðla og um leið verði lífið þolanlegra fyrir okkar fulltrúa. Þessi vinnubrögð gefa konum þann kraft sem dugar og kennir þeim að hlutirnir breytast ekki nema að þær vinni að þeim sjálfar.

Kvinnallistinn leggur því áherslu á að gera stjórnkerfi borgarinnar lýðræðislegra: Að allir flokkar í borgarstjórn hafi aðgang að öllum nefndum, að veita hverfasamtökum meira vald og að oftast verði efnt til atkvæðagreiðslu meðal borgarbúa um umdeild mál. Að horfið verði frá þeirri tilhneigingu til fámennisstjórnar sem nú gætir. Eðli valdakerfisins sjálfs skiptir máli. Mikilvægt er að standa vörð um þau valdakerfi sem eru opin fyrir kvenfrelsisjónarmiðum og að breyta hinum sem leynast víða í stofnunum þjóðfélagsins.

### **Málefni og forgangsröðun þeirra**

Kvinnallistinn hefur ætíð sett fram ýtarlega stefnuskrá sem nær til allra málaflokka. Forgangsröðun verkefna hefur verið skýr og önnur en hjá öðrum flokkum. Ekki hefur enn gengið saman varðandi ríkisstjórnarþátttöku, því miður, þó að samstarf minnihlutaflokkana í borgarstjórn hafi gengið vel. Launamál kvenna hafa verið og eru fremst í forgangsröðinni og sú félagslega þjónusta sem nauðsynleg er til að tryggja athafnafrelsi kvenna og vellíðan barna og aldraðra. Við stefnum að þjóðfélagi þar sem dagvinnulaun fyrir 6-8 stunda vinnudag nægja til viðunandi framfærslu og fyrsta flokks þjónustu fyrir börnin á meðan. Því eru góð dagvistarheimili fyrir öll börn frá lokum fæðingarorlofs til skólaaldurs í 4-8 stundir á dag eftir þörfum viðkomandi fjölskyldna það sem við stefnum að. Sömuleiðis þarf lengdan skóladað fyrir yngstu skólabörnin og skólamáltíðir í alla skóla á viðráðanlegu verði. Við viljum fyrsta flokks fæðingarþjónustu, bæði hvað varðar öryggi og umönnun og teljum það lítilsvirðingu við fæðandi konur að þurfa að velja þar á milli. Önnur baráttumál eru breytileg eftir bæjarfélögum í komandi sveitarstjórnarkosningum, og verða ekki tíunduð hér.

Kvinnallistinn hefur skýra sérstöðu. Sérstaðan nær til hugsjónanna, vinnubragðanna, málefna og forgangsröðunar þeirra. Hann viðurkennir breytta stöðu konunnar í þjóðfélaginu og telur að reynsla og menning kvenna sé jákvætt og vanmetið afl þar sem ákvarðanir eru teknar.

Það er pólitísk nauðsyn að Kvinnalístin fái að reyna sig í stjórn ríkis, borgar og annarra sveitarfélaga. Til þess þarf hann styrk, sem þú kjósendi góður getur veitt í komandi sveitastjórnarkosningum. Líttu við á kosningaskrifstofur Kvinnalístans. Það eru næg verk að vinna. Komdu og hafðu áhrif.

Guðný Guðbjörnsdóttir  
Höfundur er dósent í uppeldisfræði,  
á lista Kvinnalístans í Reykjavík